



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 137/11
komudagur 26.5.2009

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	26. maí 2009	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 22. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 1. mál.

Vegna ákvæða e. liðar 2. gr. og b. liðar 8. gr. frumvarpsins ítrekar Ríkisendurskoðun enn og aftur að sérstakar reglur um sölu á eignarhlutum ríkissjóðs í hlutafélögum hafa ekki verið lögfestar. Í því efni hefur verið stuðst við verklagsreglur ríkisstjórnarinnar frá árinu 1996 um útboð og sölu ríkisfyrirtækja. Að mati Ríkisendurskoðunar er æskilegt að reglur um sölu á eignarhlutum ríkisins í félögum verði lögfestar fremur en að byggja í því efni á reglugerð, einkum ef lagaákvæðið, sem reglugerðarheimildin byggir á, veitir enga tilsögn um það hvaða sjónarmið skuli leggja til grundvallar við setningu hennar, svo sem raunin er í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Að öðru leyti hefur stofnunin ekki athugasemdir fram að færa við frumvarp þetta.

Smundur Arason

Tommas Guð.